

34. stjórnarfundur Bergrisans bs.

10. janúar 2022

Fundur hófst kl. 14:00 í fjarfundi á Teams

Mætt: Gísli H. Halldórsson formaður, Aldís Hafsteinsdóttir stjórnarmaður, Sandra Brá Jóhannsdóttir stjórnarmaður, Íris Ellertsdóttir verkefnastjóri Bergrisans og Ingibjörg Garðarsdóttir fjármálastjóri Árborgar. Einnig mættu fyrir þjónustusvæðin Melkorka Jónsdóttir velferðarsviði Árnespings, Heiða Ösp Kristjánsdóttir frá velferðarsviði Árborgar og Svava Davíðsdóttir frá félagsþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu. Sandra Brá Jóhannsdóttir ritaði fundargerð.

Dagskrá

1. Kynning á fundargerðum þjónusturáðs Bergrisans bs.

Heiða Ösp Kristjánsdóttir kynnir fundargerðir þjónusturáðs Bergrisans bs nr. 145. – 148. Stjórn Bergrisans bs staðfestir fundargerðirnar.

2. Staða og horfur í fjármálum Bergrisans bs.

Ingibjörg Garðarsdóttir kynnir vænta útkomuspá vegna ársins 2021 og áætlun um greiðslur til Skaftholts og Sólheima fyrir árið 2022 miðað við uppfærðar tölur frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Greiðslur frá sjóðnum munu lækka um tugi millj.kr. vegna fjölgunar þjónustuþega á landsvísu og mun því tap á rekstri Bergrisans bs 2021 aukast sem því nemur. Því er áætluð fjárpörf málaflöksins 2021 talsvert meiri en vonast hafði verið til. Stjórn Bergrisans bs lýsir vonbrigðum með þá miklu lækkun sem áætluð er á framlögum jöfnunarsjóðs til Bergrisans.

3. Nýr íbúðakjarni fyrir fatlað fólk

Verkefnisstjóri kynnir stöðu verkefnis. Stjórn Bergrisans bs leggur til að nafn félagsins um rekstur íbúðakjarnans verði Arnardrangur hses með fyrirvara um að það sé laust til skráningar hjá Fyrirtækjaskrá. Formaður upplýsti að Arnardrangur sé örnefni á kletti í Skaftafellssýslu sem ekki sé ólíklegt að sé fyrirmynd að landvætti Suðurlandsfjórðungs, Bergrisanum.

4. Samningur við Skaftholt- staða samningsviðræðna vegna rekstrarársins 2022

Skaftholt ses skilaði umbeðinni skýrslu til stjórnar Bergrisans bs í desember 2021. HLH hefur rýnt skýrsluna og liggur minnisblað þess efnis fyrir fundinum. Stjórn Bergrisans bs þakkar forsvarsmönnum Skaftholts greinargerðina. Verkefnisstjóra falið að óska eftir fundi með forsvarsmönnum Skaftholts varðandi framhald samstarfsins. Skýrar niðurstöður um framhaldið þurfa að liggja fyrir ekki síðar en í apríl 2022.

5. Samningur við Sólheima um þjónustu við íbúa að Fögrubrekku-endurskoðun á rekstri

Verkefnisstjóri fer yfir endurskoðun sem fór fram á vaktaskipulagi vegna Fögrubrekku á Sólheimum ses. Mönnunarpörf er minni en áætlað var og munu Sólheimar ses endurgreiða um 14 millj.kr. til Bergrisans bs vegna þessa.

6. Stjórnsýslu- og rekstrarúttekt á starfsvæði Bergrisans

Verkefnisstjóri fer yfir undirbúning vegna fyrirhugaðrar stjórnsýslu- og rekstrarúttektar á starfssvæði Bergrisans bs sem verður unnin af HLH ráðgjöf. Ráðgjafar munu heimsækja rekstrareiningar á næstu vikum. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga hefur veitt vilyrði fyrir framlagi vegna úttektarinnar.

7. Aðgengismál- verklag vegna umsókna til Jöfnunarsjóðs

Verkefnisstjóri fer yfir vinnureglur varðandi úthlutun framlaga á grundvelli a-liðar 3. gr. reglugerðar um starfsemi Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga nr. 280/2021. Stjórn Bergrisans bs samþykkir að úthlutað verði í samræmi við íbúafjölda sveitarfélaga. Verkefnisstjóra falið að ræða við Jöfnunarsjóð sveitarfélaga varðandi frekari verklagsreglur vegna úthlutunar framlaga.

8. Málefni Breiðabólsstaðar ses

Verkefnisstjóri upplýsir stjórn um stöðu málsins.

Fundi slitið kl. 16:00